

Fárvirði

Ef vindhraði nær 32 m/sek þá telst það fárvirði. Ef Veðurstofa varar við veðri skal taka það alvarlega. Hlustið á tilkynningar og viðvarnir sem kunna að vera gefnar.

Viðbrögð

- Heftið fok lausra muna, muna eftir að festa lokin á ruslatunnunum.
- Fullvissið ykkur um að öllum gluggum og hurðum sé tryggilega lokað.
- Vinnið eða dveljið ekki undir stórum gluggum sem standa á móti veðrinu.
- Hvetjið foreldrar að ganga um leikskólann starfsmanna megin ef meira skjól er þar.
- Hjálpið foreldrum með hurðarnar ef það er vandi og jafnvel með börnin út í bíl ef hægt er.
- Ef spáð er ofsa veðri eða rauð viðvörðun, er sendur tölvupóstur til foreldra, sett tilkynning á Facebook síðu foreldra ósk um að foreldrar sækja börnin áður en veðrið skellur á.
- Hlustið á tilkynningar í útvarpi og skoðið leiðbeiningar á vef almannavarna.
www.almannavarnir.is
- Hringið í 1-1-2 ef hætta skapast og óskið eftir aðstoð Björgunarsveitarinnar.

Eldgos

Eldgos geta hafist fyrirvaralaust, en gera þó oftast boð á undan sér t.d. með jarðskjálftum og óróa. Af eldgosum getur stafað hætta af öskufalli og hraunrennsli. Gjóskan getur verið varasöm vegna eiturgufa og eiturefna.

- Hlustið á tilkynningar í útvarpi og á vef almannavarna www.almannavarnir.is

Vatnsflóð/vatnsleki

Viðbrögð

- Lokið fyrir vatnsstreymi. Vatnslokar eru staðsettir í hitakompu og merktir.....
Vatnsstreymi fyrir gólfhita, í listakrók og eldhúsi er staðsett í kassa við starfsmannaútgang.
- Hringið í verkefnastjóra framkvæmdasviðs (Guðna Rafn).
- Forðið verðmætum frá lekasvæði.

- Opna niðurföll – ausa og hreinsa upp vatn.
- Ef mikið vatn kemur, þá er hringt í slökkviliðið og óska eftir aðstoð við að fjarlægja vatn.

Árás – innbrot - lögregluaðgerðir

- Er brotamaður enn á vettvangi?
- Gæta að eigin öryggi, barnanna og annarra kennara.
- **Hringið í 1-1-2**
 - Segið hvaðan hringt er, nafn og kennitölu.
 - Lýsa aðstæðum sem nákvæmast.
- Loka fyrir óþarfa umgang um vettvang svo ekki sé hætt á að hugsanlegum sakargögnum verði spillt eða að fólk sé í hættu.
- Takið á móti viðbragðsaðilum.
- Huga að áfallahjálþ og stuðningi. Rauði krossinn, Heilsugæslan, prestur.

Barn týnist eða finnst ekki

Allt starfsfólk hefur aðgang að Karellen kerfinu.

Komi barn ekki á þann stað þar sem það á að vera skal athuga í Karellen hvort það sé skráð veikt eða í leyfi

1. Sé svo ekki, skal spyrja hina kennarana og börnin um það
2. Fáist ekki viðunandi upplýsingar skal starfsmaður tilkynna leikskólastjóra um stöðu mála.
3. Leikskólastjóri skipuleggur leit inn í leikskólanum og á lóðinni. Þeir sem fara að leita taka síma með sér.
4. Finnist barnið ekki innan 10 mínútna tilkynnir stjórnandinn foreldrum um málið og spyr út í hvort þeir viti hvar það sé.
5. Foreldri aðstoðar við leitina, athugar heima hjá sér, hjá vinum og skyldmönnum. Leitað er út fyrir leikskólalóðina með skipulögðum hætti. Tveir og tveir fara saman á bíl til að leita, því erfitt er fyrir bílstjórann að horfa á veginn og í kringum sig.
6. Leikskólastjóri hefur samband við lögreglu og gefur fyrirbyggjandi upplýsingar. Ráðleggingar lögreglu um leit hafðar að leiðarljósi við áframhaldandi leit.
7. Láta foreldra annarra barna vita samdægurs.
8. Funda strax með foreldrum eftir að barn/börnin hafa fundist.